

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. október 2023

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklunga (refsiábyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika) 225. mál

Bandalag Háskólamanna (BHM) hefur áður sent inn umsagnir vegna þessa máls og eins og áður fögnum við ætluninni með þessu frumvarpi enda afar jákvætt að heilbrigðisstofnunum sé gert skylt að hafa virkt innra eftirlit með sinni starfsemi og þjónustu og löngu tímabært að ábyrgðin á alvarlegum atvikum sem verða, eins og oftast er raunin, vegna samverkandi þátta sé sett á stofnanirnar sjálfar en ekki einstaka starfsmenn.

Eftir stendur að ekki hefur verið tekið tillit til fyrri athugasemda BHM svo við viljum ítreka þær:

1. Nauðsyn þess að alvarleg atvik séu rannsökuð af sérstakri stjórnslueiningu. BHM, Læknafélag Íslands, FÍH og Ljósmeðrafélagið hafa öll bent á nauðsyn þess að landlæknisembættinu verði ekki falið að sjá um rannsókn alvarlegra atvika heldur verði búin til sérstök stjórnslueining þar utan um sem skipuð er aðilum úr öllum helstu fagstéttum heilbrigðisþjónustu. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að rannsókn þessarar atvika sé fagleg og hlutlaus og taki sem stystan tíma, enda um alvarleg mál að ræða sem eru íþyngjandi fyrir alla.
2. Staða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks sé skýrð. Í báðum okkar umsögnum höfum við bent á að staða sjálfstætt starfandi sé óskýr í frumvarpinu. Kveða þarf skýrt á um það að þegar heilbrigðisstofnun leitar til sjálfstætt starfandi aðila til að sinna verkefnum tengdum meðferð sjúklings sé viðkomandi starfsmaður sjálfkrafa innifalinn í cumulatífri refsiábyrgð stofnunarinnar.

Þá vill BHM taka undir nokkur mikilvæg atriði úr umsögn FÍH frá 6.október, nánar tiltekið mikilvægi þess að:

1. Tryggja réttarstöðu sakbornings. Eins og farið er ítarlega yfir í umsögn FÍH er lögreglu ætlað að beina rannsókn mála til landlæknis en framkvæma áður „nauðsynlegar rannsóknaraðgerðir“ en ekki er skilgreint hvað það felur í sér né er lögreglu gert skylt að taka viðtöl við þann grunaða og/eða möguleg vitni. Þar með er möguleiki á að grunaður einstaklingur lendi í þeirri stöðu að gefa landlækni skýrslu án þess að hafa fengið stöðu sakbornings hjá lögreglu.
2. Að gætt sé að því að upplýsingagiöf til sjúklings/aðstandenda sé á þann hátt að ekki sé hætta á að gögn frá landlækni verði notuð sem sönnunargögn gegn heilbrigðisstarfsmanni fyrir dómi.
3. Að verklag sé það sama við rannsókn kvörtunarmála og við rannsókn alvarlegra atvika sé umrætt kvörtunarmál þess eðlis að verulegur möguleiki sé á að viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður verði síðar sóttur til saka.
4. Að skýrt sé kveðið á um að aðeins sé heimilt að svipta starfsmann starfsleyfi til bráðabirgða á meðan á rannsókn stendur. Það sé sumsé ekki heimilt að svipta einhvern starfsleyfi til frambúðar áður en að búið er að dæma viðkomandi sekan um refsivert athæfi.

Að lokum vill bandalagið taka undir með FÍH um að áhrifaríkasta leiðin til að tryggja öryggi sjúklunga sé að tryggja fullnægjandi mönnun í heilbrigðiskerfinu.

Virðingarfyllst,



Kolbrún Halldórsdóttir